

Samþykkt um símenntun

Tækifæri og framboð til símenntunar á hverjum tíma ráða miklu um þróun kennslu og skólastarfs. Hvorugt er í nægilega góðu lagi eins og nýleg skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins um endurmenntun kennara ber vitni um. Þingið telur brýnt að tryggja mun betur en nú er gert réttindi og möguleika til símenntunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans bæði í samræmi við þarfir og óskir einstaklinga og með hliðsjón af þróun skólastarfs og menntunar.

Fjárveitingar til símenntunar félagsmanna KÍ hafa minnkað verulega á sama tíma og ýmis stefnumál og nýmæli laga um skólastigin krefjast aukinnar símenntunar og þjálfunar. KÍ bendir á að fjármunir á fjárlögum til áframhaldandi framkvæmdar og innleiðingar nýrra laga um skólastigin og framlög til símenntunar hafa verið skorin niður auk þess sem verðgildi þeirra fjárveitinga hefur rýrnað. Mörg sveitarfélög í landinu hafa minnkað framlög sín til símenntunar. KÍ varar alvarlega við afleiðingum þessa og áhrifum á skólastarf og þróun þess.